

**36** antjæð álit dýralækningaráðsins um, að heppilegt sje að tóbak það, sem ætlað er  
28. febr. til fjárbaðana, sje innflutt sem tóbakslögur, sumpart með því að birta brjef  
þetta í B-deild Stjórnartíðindanna, sumpart á annan þann hátt, er yður þykir  
bezt við eiga.

**37** **Brjef landshöfðingja til sjáslumannsins í Sudurmúlasýslu, um skilning á 9. gr. laga 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja** — Í brjefi, dagsettu 16 f. m., hafid þjer, herra sýslumaður, beiðzt leiðbeiningar minnar um það, hvort sá skilningur yðar á 9. gr., sbr. 2. gr. í lögum nr. 26 frá 11. nóvember 1899 um verzlun og veiting áfengra drykkja sje eigi rjettur, »að ef einhver kaupmaður, sem hefir rjett til að selja áfenga drykki, er lögin öðlast gildi, hættir fyrsta árið (1900) samkvæmt tilkynningu, verði hann, ef hann síðar meir vill byrja á ný á áfengissölu á sama stað, að sækja um leyfi fyrir 5 ár, eins og nýr kaupmaður«.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að eptir minni skoðun verður hver sá, er rjett hafði 1. janúar 1900 til þess að verzla með eða veita áfenga drykki, og vill, samkvæmt 9. gr. nefndra laga, leysa sig undan gjöldum þeim, er ákveðin eru í 1. og 6. gr., að gefa lögreglustjóra yfirlýsingu um það, að hann afsali sjer, ekki einungis um stund, heldur *fyrir fullt og allt*, rjetti sinum til verzlunar eða veitingar áfengra drykkja. Þaraf leiðir, að sá, sem einu sinni hefir afsalað sjer umræddum vinsölurjetti eða vínveitingarjetti, verður, ef hann vill öðlast þann rjett af nýju, að afla sjer leyfisbrjefs á þann hátt, er segir fyrir um í 2. og 7. gr. laganna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar, um leið og þess er getið, að yfirlýsing sú frá kaupmanni Friðrik Möller, sem fylgdi áðurnefndu brjefi yðar og hjermed endursendist, er ófullnægjandi.

**38** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur-**  
5. marz **amtinu um sveitfesti þurfalings** — Eptir móttöku brjefs yðar, herra amtmaður, dagsetts 26. f. m., snertandi áfrýjun fátækra stjórnarinnar í Biskupstungnahreppi í Arnessýslu til mín á úrskurði yðar, dagsettum 24. apríl f. á, um styrk veittan bóndanum Þórði Magnússyni í Auðsholti af nefndri fátækra stjórn í marz 1898, skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg fellst á ástæður þær, er á þeim er byggður úrskurður yðar, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtmanns:

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 10. f. m., þar sem þjer látið uppi álit yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Hrunamannahreppi á úrskurði yðar, dags. 7. okt. f. á., sem ákveður, að styrkur sá af fátækrafje, sem hreppsnefndin í Biskupstungnahreppi veitti hyski Þórðar bónda Magnússonar í Auðsholti þar í hreppi í marzm. f. á., verði að teljast löglega veittur sveitarstyrkur, sem hljóti að vera því til fyrirstöðu, að Þórður Magnússon hafi unnið sjer sveit í Biskupstungnahreppi, er svo látandi úrskurður lagður á þetta mál:

Fátækrastryrkur sá, sem hjer er um að ræða, er til orðinn á þann hátt, að Þórður Magnússon, sem var sveitlægur í Hrunamannahreppi, en hafði í síðastliðnum fardögum búíð full 10 ár í Biskupstungnahreppi, var fjarverandi við sjó í fyrra vetur, og leitaði þá kona hans, Ólavía Ólafsdóttir, styrks hjá fátækrastrjórninni þar í öndverðum marzmánuði fyrir tilstilli sambýlismanns Þórðar, Tómasar hreppstjóra Guðbrandssonar í Auðsholti, sem fór að hlutast til um hagi konunnar eptir undirlagi Kristjáns nokkurs Snorrasonar, sem virðist hafa verið heimilismaður Þórðar. Hreppsnefndin ljet síðan nefndan hreppstjóra og annan af sambýlismönnum Þórðar, Jón Jónsson, gjöra aðsjón 15. marz hjá konu Þórðar, og kom það þá fram, að til var á heimili hennar handa 2 mönnum fullorðnum og 2 börnum svo sem 6—8 pd. af korni, eitthvað af slæmu hrossakjöti og lítið eitt af mjólk úr kvígu, sem borið hafði með vetrinum, ekkert var til af viðbiti og eldivið, og heyskortur mikill, en skepnurnar voru 2 kýr, vetrungur, 5 hross, 20 kindur fullorðnar og 8 lömb. Var svo Ólavíu Ólafsdóttur veittar 8 kr. 37 a. í mat og eldivið, og var hreppsnefndinni í framfærsluhrepp Þórðar þegar skýrt frá þessari styrkveitingu, og því skotið til hennar, hvort hún kysi heldur, að gjöra sjálf frekari ráðstafanir til hjálpar hinu bágstadda heimili, eða láta hreppsnefndina í Biskupstungnahreppi gjöra það upp á væntanlegt endurgjald. Hreppsnefndin í Hrunamannahreppi ljet þá slátra nautinu, sem til var á heimilinu og nokkrum kindum, bæði til matar og til þess að ljetta á heyjum, og var bágindunum á heimilinu þar með afljett. Þjer hafði komizt að þeirri niðurstöðu, að heimili Þórðar hafi verið svo illa statt, þegar hann leitaði bjargarstyrks, að nauðsynlegt hafi verið að gjöra þegar ráðstafanir því til bjargar, og álitíð, að hreppsnefndin í Biskupstungnahreppi hafi því hjer gjört það eitt, er rjett var, enda hefði það getað talizt misráðið af henni, að láta skera niður skepnur Þórðar, þar sem svo stóð á, sem hjer, að framfærslusveitin var næsti hreppur og jafnhægt að ráðstafa heimilinu þaðan, sem úr Biskupstungnahreppi.

Eg get eigi verið yður samdóma um þessa skoðun yðar og fæ eigi sjeð, að þörf hafi verið á því, að veita heimili Þórðar Magnússonar styrk af fátækrafje. Bæði er það, að hann átti svo mikið fyrir sig að leggja, að hann gat ómögulega talizt þurfamaður, þá er styrkurinn var veittur, enda var þá nokkuð til af matvælum á heimilinu, og er aðgætandi, að hin kýrin af þeim tveimur, sem á heimilinu voru, átti að bera um næstu mánaðarmót, og það lá því svo beint við, að ráða konunni til að gjöra það, sem gjört var síðar, að slátra nautinu og nokkrum kindum, og hvað eldiviðarvöntunina snertir, hefir hreppsnefndin í Hrunamannahreppi skýrt svo frá, að systir Þórðar hefði lofað að hjálpa heimilinu um eldivið, en sökum ófærðar hefði eigi náðst í haun í svipinn; eptir því sem frá er skýrt, var því heimili Þórðar fáum dögum eftir að sveitarstyrkurinn var veittur ekkert illa statt með matbjörg. Bæði vegna þess og þeirra atvika, sem að öðru leyti liggja fyrir hjer, get jeg ekki komizt að annari niðurstöðu, en að hinn umræddi sveitarstyrkur hafi verið veittur án þess sönn þörf hafi verið fyrir hendi. Jeg get því eigi fallizt á úrskurð yðar í þessu máli, heldur verður að skoða hinn umrædda sveitarstyrk ólöglega veittan, og er því hjer með úrskurðað, að hreppsnefndin í Hrunamannahreppi skuli vera laus við að endurborga hann.

38

Það liggur ekki fyrir að kveða á um sveitfesti Þórðar Magnússonar, en þess skal samt getið hjer, að hinn ólöglega veitti styrkur getur vitanlega eigi varnað því, að Þórður Magnússon hafi unnið sjer sveitfesti í Biskupstungnahreppi.

Þetta gefst yður hjer með þjónustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefndunum í áðurnefndum hreppum.

39

5. marz

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austur-**

**amtinu um meðlag með óskilgetnu barni.** — Eptir móttöku brjefa yðar, herra amtmaður, dagsettra 16. nóvbr. og 19 desbr. f. á., ásamt fylgiskjölum, viðvikjandi áfrýjun hlutaðeigandi hreppsnefnda á úrskurði yðar, dagsettum 9. marz s. á., um greiðslu á meðlagi með óskilgetnu barni Guðnýjar Guðmundsdóttur, Guðrúnu, skal tekið fram það, sem hjer segir á eptir.

Með brjefi, dagsettu 1. desbr. 1890 beiddist hreppsnefndin í Engihlíðarhreppi í Húnavatnssýslu tilhlutunar sýslumannsins þar, til þess að heimta meðlag af hálfu Sigurðar nokkurs Jónassonar með óskilgetnu barni Guðnýjar Guðmundsdóttur, Guðrúnu, er þá naut að mestu framfæris af nefndum hreppi, greitt annaðhvort af nefndum Sigurði, er talinn var faðir barnsins, eða vistarhreppi hans eða framfærsluhreppi, og í brjefi til nefnds sýslumanns, dagsettu 14. apríl 1891, óskar greind hreppsnefnd sjerstaklega eptir því, að upphæð meðlagsins verði ákveðin af amtinu. Síðan ítrekar hreppsnefndin beiðni sína um fylgugreiðslu með mörgum brjefum til sýslumannsins, en málinu varð þó ekkert verulegt ágengt, — í fyrstu að því er virðist sökum þess að óvíst var um dvalarstað barnsföðurins —, fyr en hreppsnefnd Engihlíðarhrepps sneri sjer beint til yðar, herra amtmaður, með brjefi 12. janúar 1897. Með úrskurði yðar, dagsettum 11. marz s. á., var nefndum Sigurði Jónassyni gjört að skyldu að greiða 25 kr. árlega með nefndu barni, Guðrúnu, frá 1. desbr. 1890 til 6. júní 1895, er það kom.t af sveitinni. 11. maí 1897 var svo meðlagsúrskurðurinn birtur Sigurði Jónassyni, er þá bjó í Álptavík í Borgarfjarðarhreppi í Nordurmúlasýslu, en þar í hreppi hafði hann þá búíð í þvínær 8 ár, eða frá því um fardagaleytið 1889. Síðan var dvalarhreppur hans, Borgarfjarðarhreppur, krafinn um meðlagið, en hreppur þessi neitaði að borga; lögðuð þjer með brjefi 1. desbr. 1897 fyrir sýslumanninn í Nordurmúlasýslu að innheimta fúlguna fyrir tímann frá 1. desbr. 1890 til 6. desbr. 1895, kr. 112.88, hjá Borgarfjarðarhreppi.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps ljét svo árangurslaust reyna lögtak hjá Sigurði, og galt síðan hina umræddu fúlgu, kr. 112.88, þó að því áskildu, að Engihlíðarhreppur greiddi upphæð þessa aptur Borgarfjarðarhreppi, ef hún fengist eigi endurgoldin af framfærslusveit barnsföðurins af þeirri ástæðu, að Borgarfjarðarhreppi hefði eigi borið skylda til að greiða fúlguna. Jafnframt krafðist hreppsnefndin í síðastnefndum breppi, að fá hina framlögðu fúlgu, kr. 112.88, og lögtakskostnaðinn, 27 kr., endurgoldinn af Bólstaðarhlíðarhreppi, framfærsluhreppi Sigurðar, en hreppur þessi neitaði að greiða eigi einungis lögtakskostnaðinn, heldur og fúlguna, af þeirri ástæðu að vistarsveit Sigurðar hefði eigi verið krafinn fyr en meira en ár var liðið frá gjalddaga fúlgunnar síðasta árið.